

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Hafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hafnarhrepps, Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

10. júlí 1973.

Nr. 225.

R E G L U G E R Ð

um skólaheimilið í Breiðavík.

1. gr.

Stjórn skólaheimilisins í Breiðavík er í höndum sex manna nefndar, sem þannig er skipuð: Þriggja manna stjórn Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi og þrjú menn búsettir í Vestur-Barðastrandarsýslu. Ráðherra gefur út skipunarbréf til nefndarinnar og skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Stjórnarnefndin skiptir þannig með sér verkum:

1. Stjórnarmenn Upptökuheimilisins annast vistun nemenda, rannsóknir og annan undirbúning að vistun og sérfræðilegt eftirlit og leiðbeiningar um uppeldi og kennslu þeirra.
2. Stjórnarmenn búsettir vestra annast reglulega umsjón með umönnun nemenda, starfrækslu heimilisins og búrekstri þess.
3. Öll stjórnarnefndin í sameiningu annast ráðningu starfsfólks í samráði við forstöðumann, svo og öll þau mál, er varða meiri háttar fjárfestingar, fjárlaga-tillögur og breytingar á starfrækslu heimilisins.

Ráðherra ræður forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar.

2. gr.

Skólaheimilið er ætlað unglíngum að jafnaði á aldrinum 11—14 ára, sem eftir tilvísun barnaverndarnefnda og að aflokinni rannsókn á Upptökuheimilinu eru taldir hafa not af vistun í Breiðavík.

3. gr.

Nemendum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu. Skal kennslan sniðin eftir getu og andlegu ástandi nemenda.

4. gr.

Upptökuheimilið skal senda eftirtalda starfsmenn til Breiðavíkur:
Sálfræðing fjórum sinnum á ári, lækni tvisvar á ári, og sérkennara tvisvar á ári.

5. gr.

Forstöðumaður skal halda dagbók fyrir heimilið. Skulu þar skráð helztu atvik, er varða málefni þess og annað, er máli þyki skipta um rekstur heimilisins. Hann

skal enn fremur halda spjaldskrá um nemendurna. Skulu þar tilfærð helztu atriði varðandi feril þeirra.

6. gr.

Nú telur forstöðumaður, að nemandi sé eigi lengur þörf vistar á heimilinu, og skal hann þá skýra stjórnarnefndinni frá því, en hún ákveður að höfðu samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd hvort dvöl skuli lokið.

Telji forstöðumaður, að lengri dvöl sé nemandi nauðsynleg, skal hann skýra stjórnarnefndinni frá því með fyrirvara, og tekur hún þá fullnaðarákvörðun um, hvort dvöl skuli framlengd. Ella lýkur dvöl nemandi, þegar sá tími er liðinn, sem honum var ætlað að dveljast á heimilinu.

7. gr.

Stjórnarnefndin skal leggja kapp á að útvega nemendum starf við sitt hæfi að lokinni skólavist, svo og um sumartímam. Eins skal lögð áhersla á að fylgjast með því, hvernig nemendum vegnar í starfi og veita þeim aðstoð eftir föngum, ef á þarf að halda. Gera skal ráð fyrir því, að nokkur hluti starfstíma starfsfólks fari í þessa fyrirgreiðslu. Náin samvinna skal í þessu efni höfð við sérfræðinga Upptökuheimilisins.

8. gr.

Búrekstur skal að jafnaði hafa í Breiðavík eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og bezt samrýmist markmiði skólaheimilisins. Kostað skal kapps um að nýta þá möguleika, sem fyrir eru til lands og sjávar til fjölbreytilegra og þroskavænlegra starfa fyrir nemendurna.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 53/1966, um vernd barna og unglinga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 88/1958 um vistheimilið í Breiðavík.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

S A M Þ Y K K T
fyrir ÁTAK STÁ

1. gr.

Félagið er atvinnu- og þjónustufyrirtæki sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð. Nafn þess er Átak STÁ.

2. gr.

Lögheimili félagsins og varnarþing er Ísafjörður.

3. gr.

Tilgangur félagsins er gatnagerð og önnur skyld starfsemi.

4. gr.

Stofnfé félagsins er kr. 2 200 000.00. Stofnfé skiptist í 220 — tvö hundruð og tuttugu — 10 þús. kr. hluti.